

Nd.

276. Breytingartillögur

[126. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 61 24. des. 1964, um breyt. á þeim lögum.

Frá Þórarni Þórarinssyni, Lúðvík Jósefssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

I. Á eftir 1. gr. frv. komi tvær nýjar greinar:

1. (2. gr.) H-liður 4. gr. laganna (sala á raforku og heitu vatni frá rafmagnsveitum og hitaveitum) falli niður.
2. (3. gr.)
 - a. Á eftir orðinu „nýmjólk“ í 2. tölul. 6. gr. laganna komi: smjör, ostur, skyr, kjöt, kjötvörur, kartöflur og fiskur.
 - b. Á eftir 2. tölulið komi nýir liðir, svo hljóðandi:
 1. Kaffi, sykur og kornvörur.
 2. Olía.

II. Á eftir 2. gr. frv. komi ný gr. (verður 5. gr.), svo hljóðandi:

Á eftir 16. gr. laganna komi tvær nýjar greinar:

1. (17. gr.) Ráðherra er heimilt að ákveða, að í öllum verzlunum, sölu- eða afgreiðslustöðum, þar sem söluskattur er innheimtur, skuli taka upp peningakassa, sem auðvelt sé að stimpla í öll söluskattskyld viðskipti, þannig að eftirlitsmenn fjármálaráðuneytisins geti gengið úr skugga um, að allur innheimtur söluskattur komi fram. Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.
2. (18. gr.) Fjármálaráðherra skal láta framkvæma árlega sérstaka rannsókn á framtölum til söluskatts hjá tíunda hverjum söluskattsskyldum aðila. Skulu þeir valdir með útdrætti. Með reglugerð skal setja nánari ákvæði um þau atriði, sem þessi grein fjallar um.

III. Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, sem verður 3. málsgrein, svo hljóðandi:

Á meðan innheimtur verður 11% söluskattur skv. lögum þessum, greiðir ríkissjóður á ári hverju til Tryggingastofnunar ríkisins, umfram aðrar lögboðnar greiðslur, ákveðna fjárhæð, sem varið skal til hækkunar á fjölskyldubótum. Árið 1970 skal fjárhæð þessi vera 70 milljónir króna, en breytist síðan til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á heildarupphæð innheimts söluskatts frá ári til árs.